

Ed.

175. Nefndarállt

um frv. til laga um breyting á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 29, 3. nóv. 1915.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir einróma með því, að 1. gr. frv. verði samþykkt.

Þá er nefndin og sammála um að leggja til, að 2. og 3. gr. verði feldar. Álita nefndarmenn, að efni 2. gr. um að setja sjerstaka ræðustóla í þingdeildirnar, þoli að minsta kosti vel bið, og þótt nefndin viðurkenni, að til mála gæti komið að takmarka eitthvað málfrelsi þingmanna, þá getur hún alls ekki fallist á, að það verði gert á þann hátt, sem orðað er í 3. gr.

Þar sem 2. og 3. gr. koma sjerstaklega til atkvæða samkvæmt þingskópum, þykir nefndinni ekki nauðsyn að bera fram sjerstaka brtt. um brottfelling þeirra, en ræður til, að þær verði feldar við atkvæðagreiðsluna.

Alþingi, 14. febr. 1928.

Jón Baldvinsson,
form.

Ingvar Pálmason,
fundaskrifari.

Jón Þorláksson,
frsm.